



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 21.mars 2019

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, þingmál nr. 83 - um að heiðra minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.

Bandalag íslenskra listamanna tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunarinnar að heiðra minningu þeirra íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni, löngu tímabært er að skipa þeim varanlegan og táknrænann sess í sögu þjóðarinnar.

Bandalagið telur að ákaflega mikilvægt að vel takist til með undirbúning og útfærslu og vandað sé til verka. Örlög flestra fórnarlamba heimstýrjaldarinnar hér á landi voru að farast í hafi, vissulega fórnarlömb átaka en fórust við störf sín sem voru í friðsömum tilgangi.

Bandalagið telur eðlilegt að um útfærsluna verði samkeppni og BÍL vill mælast til þess að Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) verði fengið til samráðs og samtals um útfærslu þeirrar vinnu. SÍM, er best til þess fallið, innan þeirra vébanda er bæði reynsla og fagleg þekkingu til að leiða verkefni að þessari stærðargráðu. SÍM hefur verið ráðgefandi aðili að flestöllum samkeppnum um listaverk í opinberu rými sem haldnar hafa verið undanfarin ár og starfsfólk SÍM býr yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem til þarf til að koma að undirbúningi og framkvæmd verkefnis sem þessa.

Virðingarfyllt

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna